

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8.9.2017
Málsnr:	1211376
Bréfal:	512

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

2. júní 2017
MÍ201705-0100/6.09 / Þ.H.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjaness

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut

Minjastofnun Íslands hefur móttakið bréf umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 18. maí síðastliðnum þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi Ásvallabrautar, sem tengir Vallahverfi og Ásland við Kaldárselsveg. Í greinargerð með skipulaginu (útg. í nóv. 2016) segir í inngangi að fallið hafi verið frá gerð skipulagslýsingar. Málið hefur því ekki áður komið inn til umsagnar Minjastofnunar. Í greinargerðinni segir á bls. 3 um fornleifar að „engar fornleifar eru skráðar innan áhrifasvæðis deiliskipulagsins Ásvallabrautar“. Árið 2005 skráði Katrín Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur fornleifar í landi Hvaleyrrar og Áss og gaf út í tveimur skýrslum á vegum Byggðasafns Hafnarfjarðar. Skráningarsvæðið afmarkaðist þá af fyrirhuguðu byggingarsvæði sem liggur norðan og norðvestan við veglínu Ásvallabrautar eins og hún er áformuð í deiliskipulagstillögunni. Þar sem Ásvallabraut tengist Kaldárselsvegi var unnið sérstakt skipulag árið 2016, *deiliskipulag fyrir Kaldárselsveg í Hafnarfirði*. Skipulagssvæðið var skráð af Byggðasafni Hafnarfjarðar og gefið út í skýrslu það sama ár. Fimm minjastaðir voru skráðir á svæðinu og gaf Minjastofnun umsögn um skipulagið í bréfi dagsett 21. mars 2017.

Ljóst er að fornleifaskráning fyrir deiliskipulagstillögu Ásvallabrautar er ekki fullnægjandi. Svo virðist að skráning Katrínar Gunnarsdóttur frá 2005 hafi ekki tekið til áhrifasvæðis framkvæmda við Ásvallabraut. Auk þess uppfyllir sú skráning ekki þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar á deiliskipulagsstigi í dag, þar sem farið er fram á að allar minjar á skipulagssvæðinu skulu mældar upp og færðar á kortagrunn, sbr. staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu sem nálgast má á

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þór Hjaltalín

Minjavörður Reykjaness
thor@minjastofnun.is

heimasíðu stofnunarinnar: www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/

Minjastofnun Íslands fer því fram á að deiliskipulagssvæðið verði skráð og tillagan komi svo á ný til umsagnar þegar gögnin liggja fyrir, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Virðingarfyllst,



Þór Hjaltalín
Minjavörður Reykjaness

Afrit sent: Skipulagsstofnun